

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2025

2025/EES/46/25

frá 8. maí 2025

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2182 frá 2. september 2024 um að tilgreina nánar tæknilega þætti gagnasafnsins, um að koma á fót tæknisniðum fyrir afhendingu upplýsinga og að tilgreina fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna um skipulag úrtakskönnunar á sviði notkunar upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2025 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18qze (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/297) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18qzf. **32024 R 2182**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2182 frá 2. september 2024 um að tilgreina nánar tæknilega þætti gagnasafnsins, um að koma á fót tæknisniðum fyrir afhendingu upplýsinga og að tilgreina fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna um skipulag úrtakskönnunar á sviði notkunar upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2025 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (Stjtið. ESB L, 2024/2182, 3.9.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2182, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2182, 3.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2182/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.